



Skipulags og samgönguráð

Tillaga um breytingar á fyrirkomulagi leigubifreiðastæða í Reykjavík

Leigubifreiðastöðvarnar Hreyfill og BSR hafa haft sérmerkt leigubifreiðastæði í borgarlandi Reykjavíkur til afnota. Aðrar leigubifreiðastöðvar hafa farið fram á að öll stæði ætluð leigubifreiðum í borginni verði opin öllum leigubifreiðastöðvum. Það sjónarmið hefur komið fram að með því að veita heimild til notkunar á borgarlandi, í formi umræddra sérmerkinga, veiti borgin völdum fyrirtækjum samkeppnisforskot umfram önnur og skapi aðstöðumun.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar kallaði eftir gögnum frá leigubifreiðastöðvum um tilurð sérmerktu leigubifreiðastæðanna fyrir á árinu, en þau gögn sem fundust gáfu ekki tæmandi mynd af sögunni.

Þann 2. apríl 2019 var samþykkt í borgarstjórn tillaga um að skora á samgöngu- og sveitastjórnarráðherra að fella burt takmarkanir á hámarksfjölda umhverfisvænna leigubíla á höfuðborgarsvæðinu. Í frumvarpi til nýrra laga um leigubifreiðaaakstur eru umræddar takmarkanir felldar út.

Þau leyfi sem veitt hafa verið leigubifreiðastöðvum til notkunar á sérmerktum stæðum falla undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 og eru starfsleyfisskyld. Leyfishafa ber skv. lögnum að annast mengunarvarnir og hreinsun á þeim svæðum sem um ræðir. Hafa Hreyfill og BSRB haft starfsleyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna sérmerktu stæðanna.

Lagt er til að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að heimila öllum aðilum í leigubifreiðaaakstri, sama hvort um er að ræða einstaklinga eða leigubifreiðarstöðvar, notkun á stæðunum að undangenginni skráningu hjá sviðinu. Starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir leigubifreiðarstæðum í borgarlandi yrðu þá gefin út til Reykjavíkurborgar sem bæri ábyrgð á stæðunum, s.s. viðhaldi og hreinsun þeirra. Skráning leigubifreiða til notkunar á stæðunum myndi gilda á fyrirfram skilgreindu tímabili og fyrir notkun á öllum skilgreindum leigubifreiðastæðum innan borgarmarka. Tekið yrði gjald fyrir notkun stæðanna til að mæta kostnaði við gerð og viðhald þeirra, gjaldskrá tæki mið af skráðri losun gróðurhúsalofttegunda viðkomandi leigubifreiðar.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri